

**Nd.**

**150. Tillaga**

til þingsályktunar um landsvist erlendra hljómlistarmanna og um skemmtanaleyfi til handa útlendingum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að beita stranglega gagnvart erlendum hljómlistarmönnum, sem teknir eru að stunda hér atvinnu eða hingað koma í atvinnuleit, ákvæðum 3. gr. laga nr. 13, 31. maí 1927, um heimild til þess að vísa slíkum mönnum úr landi.
2. Að leggja fyrir lögreglustjóra landsins að synja útlendingum leyfis til þess að halda hér samsöngva eða aðra hljótleika, töfrásýningar eða þess háttar skemmtanir.